



Heilbrigðisnefnd Alþingis
b/t Unnar Kristínar Sveinbjarnardóttur
nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík

unnurs@althingi.is

Reykjavík, 10.03.2010

Varðar: Frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

308. mál

Vísað er í umræður á fundi heilbrigðisnefndar þ. 09.03.2010. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir því að brott falli annars vegar ákvæði um faglega ábyrgð fagstjórnenda á sjúkrastofnunum í 10. gr. laga nr. 40/2007 og hins vegar að ákvæði um samráð forsjóra stofnana við fagstjórnendur í heilsugæslu í 17. gr. laganna.

Í vinnuhóp sem vann drög að frv. sem síðar varð að lögum nr. 40/2007 voru þessi ákvæði mjög til umræðu, og ýmsum í hópnum var ósýnt um að hafa þau inni. Samdóma álit heilbrigðistarfsmanna í hópnum var hins vegar það að nauðsyn væri á þessum ákvæðum. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að heilbrigðisstarfsfólk beri tiltekna faglega (og siðferðilega) ábyrgð á þeirri heilbrigðisþjónustu sem veitt er gagnvart sínum næst yfirmanni. Samráð æðstu stjórnenda við fagstjórnendur er einnig mikilvægt, og því er jafnvel ástæða til að vikka ákvæði 17. gr. út, þannig að það taki ekki eingöngu til heilsugæslu. Með ákvæðunum eru send tiltekin sterk skilaboð frá löggjafanum sem skipta máli, m.a. að gefnu tilefni.

Rök þau sem sett eru fram í greinargerð um að tilgangur þeirra breytinga sem um er rætt sé til þess að auka svigrúm til endurskipulagningar stofnana með sameiningu og breytinga á stöðum stjórnenda hrökkva skammt. Vandí er að sjá að ákvæði um ábyrgð og samráð geti truflað endurskipulagningu.

Því er eindregið lagt til að lagabreyting þessi nái ekki fram að ganga.

Með kveðju,

Sigurður Guðmundsson
Forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands